



Reykjavík 12 mars 2017

Skýrsla um undirbúningsverkefnið „Skjólbelti framtíðar“ fyrir árið 2016.

Undirbúningsverkefni um að auka þekkingu og notkun á skjólbeltum með fjölbreyttu tegundavali byggir á verkefninu „Plöntur fyrir skjólbelti framtíðar - plöntuval og samsetning í belti“. Unnið var eftir markmiðum og verkáætlun sem sjá má í styrkumsókn. Meginmarkmið undirbúningsverkefnisins er að byggja upp samstarf hagsmunaaðila til að undirbúa frekari rannsóknir, stuðla að gerð tilraunaskjólbelta í öllum landshlutum og leggja grunn að fræðslu og kynningu fyrir bændur o.fl. sem stunda ræktun og búskap og auka þannig áhuga þeirra og þekkingu.

Markmið 1 Komið var á samstarfi við nýskipaðan starfshóp hjá Skógræktinni um skjólbeltarækt og unnið sameiginlega að undirbúningi nýs verkefnis sem miðar að því að koma upp tilraunaskjólbeltum í öllum landshlutum. Tengist það skjólbeltaverkefnum sem Skógræktin er með um allt land.

Jafnframt var komið á góðu sambandi við nokkra bændur:

- Kúabændur á Bakka á Kjalarnesi. Í samstarfi við þau var sett upp 200 m langt tilraunabelti (sjá markmið 2). Með því var lagður grunnur að áframhaldandi samstarfi fyrir framtíðarverkefni.
- Bærinn Bessastaðir á Heggstaðarnesi í Vestur-Húnavatnssýslu þar sem fyrst og fremst er nautgripa- og hrossarækt en þau hafa sýnt árangur og mikinn áhuga í skjólbeltarækt.
- Bændur að Litla Búrell í Svínadal í Austur-Húnavatnssýslu hafa stundað mikla skjólbeltarækt og eru áhugasöm um samstarf.
- Samið hefur verið um samstarf við sauðfjárbændur að Hesti í Borgarfirði, en það er tilraunabýli Lbhi og tilheyrir jörðin skólanum.

Markmið 2 Tilraunabelti sem komið var upp við Grásteinsmýri í fyrra verkefni var tekið út og bætt í þar sem upp á vantaði vegna affalla. Sem fyrr voru allar plöntur fengnar í formi styrkjar frá Ræktunarstöð Reykjavíkurborgar og garðplöntustöðvunum Mörk, Náttþaga og Kjarri. Beltið veður vaktað áfram en nauðsynlegt er fylgjast með næstu 3-4 árin hið minnsta til að hægt sé að koma fram með eiginlegar niðurstöður og því mikilvægt að verkefninu sé fylgt vel eftir. Jafnframt er nauðsynlegt að koma upp tilraunabeltum á fleiri stöðum og er stefnt að því að ná því með þessari undirbúningsvinnu að baki.

Á Bakka á Kjalarnesi var komið upp 200 m löngu tilraunabelti samkvæmt forskrift fyrirmyndar-skjólbelta. Mun beltið nýtast til frekari rannsókna á hentugum plöntum fyrir skjólbelti framtíðar og sem fyrirmynd að skipulagi frekari tilraunabelta um allt land. Jafnframt nýtist reynslan við að koma upp beltinu sem fyrirmynd að vinnulaginu og hvernig best sé að standa að því að koma upp beltum í samstarfi við bændur. Kostnaður við plöntur var greiddur af Vesturlandsskógum. Skýrsla um tilraunabeltið var gerð og má nálgast hér: <http://yndisgrodur.lbhi.is/pages/2838>.

Markmið 3 Til að virkja umræðu og reyna að komast að væntingum fólks til skjólbeltaræktar var stofnaður hópur fyrir áhugafólk um skjólbeltarækt á Facebook:

<https://www.facebook.com/groups/994498243960387/?fref=ts>

Kynningarefni er að nokkru leytið komið inn á heimsíðu Yndisgróðurs:

<http://yndisgrodur.lbhi.is/Pages/2765>. Kynningarbæklingar og útgáfur um skjólbeltamál hafa einnig verið skoðaðar. Notast er við góðar fyrirmyndir m.a. í dönskum bæklingi Levende hegn - og små beplantninger frá 2001 sem gæti verið góður grunnur að kynningarefni.

Samson Bjarnar Harðarson og Steinunn Garðarsdóttir